




SINGER®
4423 Leiðarvísir

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Þegar þið notið raftæki ætti ávallt að hafa grundvallar öryggis ráðstafanir í huga, m.a. eftirfarandi.

Lesið allan leiðarvísinn áður en þið byrjið að nota vélina.

HÆTTA

- Til að draga úr hættu á raflosti

1. Skiljið vélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn að notkun lokinni.
2. Takið hana ávallt úr sambandi við rafmagn að notkun lokinni - sérstaklega þar sem börn eru til staðar.
3. Takið hana úr sambandi þegar þið skiptið um perur og setjið ávallt sömu gerð af peru í vélina.

AÐVÖRUN

- Til að forðast hættu af bruna, eldi, raflosti og meiðslum á fólki:

1. Notið vélina aldrei sem leikfang. Hafið augun ávallt hjá ykkur ef börn eru nálægt vélinni.
2. Notið vélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í þessum leiðbeiningum.
3. Notið vélina aldrei ef rafleiðslur eru skemmdar, ef vélin vinnur ekki eins og hún á að gera, ef hún hefur dottit eða skemmt, eða komist í samband við vatn. Komið vélinni þá strax til næsta SINGER umboðsaðila til yfirferðar og eða viðgerðar.
4. Notið vélina aldrei ef loftraufar hennar eru stíflaðar. Gætið þess að loftraufar vélarinnar og fótmótstöðunnar stíflist ekki af ló eða öðrum hlutum.
5. Haldið fingrum frá hreyfanlegum hlutum og gætið varúðar í kring um nálarvæðið.
6. Notið eingöngu upprunalega hluti og fylgihluti í vélina.
7. Notið aldrei bognar saumavélanálar.
8. Togið ekki eða ýtið á efnið - látið vélina sjálfa sjá um flutninginn á efniinu.

9. Slökkvið á vélinni þegar þið eruð að vinna að viðhaldi á henni, skiptið um nál eða peru, þræðið vélina eða skiptið um saumfætur.
10. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið losið um lok á vélinni, smyrjið hana o.s.frv
11. Gætið þess að engir smáhlutir fari inn um loftraufar á vélinni eða fótmótstöðunni.
12. Notið vélina aldrei utandyra.
13. Notið vélina ekki þar sem mikill hiti er eða þar sem sólin skín beint á hana.
14. Þegar þið gangið frá vélinni eftir sauma, stillið þið alla stilla á 0 og takið vélina síðan úr sambandi við rafmagn.
15. Takið vélina aldrei úr sambandi með því að toga í rafmagnsleiðsluna. Takið um klóna og takið hana úr veg-gtenglinum.
16. Hljóðmagnið sem vélin gefur frá sér undir venjulegum kringum-stæðum á að vera um 75dB(A).
17. Slökkvið ávallt á vélinni og takið hana úr sambandi við rafmagn ef hún vinnur ekki eðlilega.
19. Setjið aldrei farg á fótmótstöðuna.
20. Ef rafleiðslan eða leiðslan frá fótmótstöðunni eru skemmdar verður að láta sérmenntaða viðgerðarmenn gera við þær. Viðgerðarmenn SINGER þjónustunnar eru hæfir til þess.

GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

Þessi saumavél er eingöngu ætluð til heimilisnota..

Til hamingju

með nýju Singer saumavélina, sem við vonum svo sannarlega að verði ykkur til ánægju í framtíðinni. Við erum sannfærð um að þegar þið byrjið að nota vélina komist þið að því að þið eruð að nota saumavél sem er mjög auðveld í notkun.

Við viljum samt biðja ykkur að byrja á því að lesa þessar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota vélina, og besta ráðið er að hafa vélina fyrir framan ykkur á meðan þið farið í gegn um þær blaðsíðu fyrir blaðsíðu.

Til að vera vissir um að þið séuð ávallt með nýjustu tækni, gerum við þann fyrirvara að við munum ef til vill breyta útliti og hönnun vélarinnar, eða breyta fylgihlutum ef við teljum það vera nauðsynlegt. Það verður þó aðeins gert þannig að það verði notanda til góða.

SINGER er skrásett vörumerki í eigu The Singer Company Limited.
Allur réttur áskilinn.

☐ Efnisyfirlit

Vélin sjálf

Hlutir vélarinnar	2/3
Vélin tengd við rafmagn	4
Tveggja þrepa fótlyftir Stilling á fótþrýstingi	5
Fylgihlutir	6

Vélin þrædd

Spólað á spóluna	7
Spólan sett í vélina	8
Þræðing á yfirtvinna	9
Þræðari fyrir nál	10
Undirtvinna náð upp	11
Tvinnaspennan	12

Saumað

Saumar valdir	13
Nálarstaðan	14
Sporbreidd og sporlengd	15
Beint spor	16
Afturábak saumu Removing the Work/Cutting the Thread	17
Teygjanlegir saumar	18
Blindfaldur	19
Hnappagöt	20
Jöfnun á sporþéttleika í vinstri og hægri legg hnappaghata	21
Töluáfesting	22

Almennar upplýsingar


Framlengingarborðið	23
Fóthaldan á fótstönginni	24
Tafla yfir nálar/efni/tvinna	25
Flytjarinn tekinn úr sambandi	26

Umhirða, viðhald og gangtruflanir

Skipt um nálar	27
Skipt um peru	28
Gangtruflanir og ráð við þeim	29


□ Hlutir vélarinnar

1. Tvinnastilling
2. Stilling á fótþrýstingi
3. Þráðgjafi
4. Afturábak hnappur
5. Tvinnahnífur
6. Saumfótur
7. Lok á stingplötu
8. Framlengingarborð / Hólf fyrir fylgihluti
9. Stillir fyrir nálarstöðu
10. Stoppari fyrir spólun
11. Stillir fyrir sporbreidd
12. Stillir fyrir sporlengd
13. Stillir fyrir mynstur
14. Þræðari fyrir nál
15. Armur fyrir hnappagöt



□ Hlutir vélarinnar

- 16. Láréttur keflispinni
- 17. Spólari
- 18. Gat fyrir annan keflispinna
- 19. Handhjól
- 20. Rauf fyrir jöfnun á hnappagötum
- 21. Rofi fyrir ljós og rafmagn
- 22. Tengill fyrir rafmagn
- 23. Tvinnastýring fyrir spólara
- 24. Stýring fyrir yfirtvinna
- 25. Lok á armenda
- 26. Handfang
- 27. Fótlyftir
- 28. Stillir fyrir flytjara
- 29. Fótmótstaða
- 30. Rafmagnsleiðsla



☐ Vélin tengd við rafmagn

Tengið vélina við rafmagn eins og myndin sýnir (1)

Athugið:

Takið leiðsluna úr sambandi þegar vélin er ekki í notkun.

Fótmótstaðan

Með fóttstöðunni stjórnið þið hraða vélarinnar. (2)



Athugið:

Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hún er ekki í notkun.

Fótmótstaða fyrir þessa vél er FC-2902 (220-240 V og er framleidd af ZHEJIANG FOUNDER MOTOR CORPORATION (CHINA)


Ljósið

Ýtið aðalrofanum (A) á "I" fyrir rafmagn og ljós.



☐ Tveggja þrepa fótlyftir

Þegar þið saumið mörg lög af mjög þykkum efnum er hægt að lyfta saumfætinum hærra (A).




☐ Stilling á fótþrýstingi

Fótþrýstingurinn hefur verið stilltur í verksmiðjunni fyrir alla venjulega sauma á þunn til meðal.þykk efni.

Ef þið þurfið hinsvegar að breyta þrýstingnum (e.t.v. á mjög þunnum eða mjög þykkum efnum) getið þið gert það með því að nota smámynt á stilliskrúfunu.

Fyrir mjög þunn efni losið þið um þrýstinginn og snúið skrúfunni rangsælis, en fyrir mjög þykk efni herðið þið á þrýstingnum með því að snúa skrúfunni réttsælis.



□ Fylgihlutir

Venjulegir fylgihlutir (1)


- a. Alhliða saumfótur
- b. Rennilásafótur
- c. Hnappagatafótur
- d. Töluáfestifótur
- e. Sprettihnífur/Bursti
- f. Jaðarstýring
- g. Nálar
- h. Skífur f. tvinnakefli
- i. Spólur (3x)
- j. L-skrúfjárn
- k. Auka keflispinni
- l. Filtskífur
- m. Mjúk yfirbreiðsla

Aukalega fáanlegir hlutir (2)


(Þessir 10 hlutir fylgja ekki með vélinni en er hægt að fá aukalega hjá Singer umboðinu.)

- n. Flatsaumsfótur
- o. Kastaumsfótur
- p. Faldfótur
- q. Snúrufótur
- r. Blindsaumsfótur
- s. Bútaums/beinsaumsfótur
- t. Rykkingarfótur
- u. Ístopps/frihendis útsaumsfótur
- v. Fótur með efri flytjara
- w. Tvíburanáll

1 Standard accessories



2 Optional accessories













□ Spólað á spóluna

- Setjið tvinna og viðeigandi skífu á tvinnakeflið á keflispinnann (1/2)
- Smeygið tvinnanum í stýringuna. (3)
- Snúið tvinnanum réttisælís í kring um spennuna fyrir spólun. (4)
- Þræðið spóluna eins og myndin sýnir og setjið hana síðan á spólarann. (5)
- Ýtið spólaranum til hægri. (6)
- Haldið í tvinnaendann. (7)
- Stígið á fótmótstöðu. (8)
- Klippið tvinnann. (9)
- Ýtið spólaranum til vinstri (10) og fjarlægið spóluna.

Athugið

Á meðan spólarinn er í spólunarstöðu er ekki hægt að sauma á vélina og ekki hægt að snúa vélinni með handhjólínu.







□ Spólan sett í vélina

Þegar þið setjið eða takið spóluna úr vélinni verður nálin alltaf að vera í efstu stöðu.

1. Setjið spóluna í spóluhúsið þannig að tvinninn renni rangsælis af spólunni (sjá ör).
2. Togið tvinnann í gegn um raufina (A).
3. Togið tvinnann réttsælis þar til hann smellur í hakið (B).
4. Togið u.þ.b. 15 cm af tvinna og setjið lokið aftur á sinn stað á stingplötunni. (C)

Athugið:

Slökkvið á aðalrofanum ("O") áður en þið setjið eða fjarlægið spóluna úr vélinni.



□ Yfirtvinninn þræddur

Þræðingin er auðveld en mjög áriðandi að hún sé rétt framkvæmd

- Byrjið á því að setja nálina í efstu stöðu (1), og haldið áfram að snúa handhjólinu fram á við þar til nálin rétt byrjar að fara niður á ný. Lyftið saumfætinu til að losa um spennuna á yfirtvinnaspennunni.

Ath: Til öryggis ráðleggjum við ykkur að slökkva á vélinni meðan hún er þrædd.



- Lyftið keflispinnanum upp. Setjið kefli á keflispinnann og látið tvinnann renna af því fram á við eins og myndin sýnir. Fyrir lítil kefli setjið þið litlu skífuna fyrir framan það. (2)
- Dragið tvinna af keflinu og smeygið honum í efri tvinnastýringuna (3) og síðan í forspennuna eins og sýnt er (4).

- Þræðið nú í tvinnaspennuna með því að fara niður eftir hægri raufinni og upp eftir þeirri vinstri (5). Um leið haldið þið aðeins við tvinnann á milli tvinnakeflisins og tvinnastýringarinnar.

- Efst í raufinni gætið þið að því að þræða tvinnann í raufina á þráðgjafanum frá hægri til vinstri og síðan niður raufina á ný. (6).

- Þræðið tvinnann nú fyrir aftan þræðilykkjuna fyrir ofan nálarhölduna (7) og síðan í nálina, sem þið þræðið framan frá



- Togið 15-20 cm af tvinna aftur undan nálarauganu. Klippið tvinnann í rétta lengd í tvinnahnífnum. (8).



□ Þræðari fyrir nálina

- Lyftið nálinni í efstu stöðu.
- Ýtið á arm (A) eins langt og hann kemst.
- Þræðarinn sveiflast sjálfkrafa í þræðistöðu (B).
- Leggið tvinnann síðan í stýringuna (C) og síðan til hægri.
- Leggið tvinnann fyrir framan nálina neðan frá og upp í krókinn (D).
- Látið arminn (A) ganga rólega til baka.
- Togið tvinnalykkjuna í gegn um nálina.

Athugið: Slökkvið á aðalrofanum (O")!



☐ Undirtvinnanum náð upp




Haldið í yfirtvinnann með vinstri hendinni og snúið handhjólinu (1) fram á við (rangsælis) og látið nálina fara alveg niður og koma upp á ný.

Ath:

Ef það reynist erfitt að ná undirtvinnanum upp, athugið þá hvort tvinninn sé e.t.v. flæktur í lokið á stingplötunni eða framlengingarborðinu.

Togið lauslega í yfirtvinnann til að ná undirtvinnanum upp á gegn um raufina á stingplötunni. (2)

Leggið báða tvinnana aftur undan saumfætinum. (3)



□ Tvinnaspennan

Yfirtvinnaspennan

Grunnstilling á tvinnaspennu er ca. á: "4". (1)

Til að auka spennuna stillið þið hana á hærri tölu - til að minnka hana stillið þið á lægri tölu.

A. Venjuleg spenna fyrir beint spor.

B. Tvinnaspennan er of lítil fyrir beint spor. Stillið á hærri tölu.

C. Tvinnaspennan er of stíf fyrir beint spor. Stillið á lægri tölu.

D. Venjuleg stilling fyrir zik zak spor og skrautsauma.






Rétt spenna er þegar lítil hluti af yfirtvinnanum kemur niður á rönguna.

Tvinnaspennan fyrir undirtvinnann

Spennan á undirtvinnanum hefur verið stillt í verksmiðjunni þannig að þið þurfið ekki að stilla hana.

Athugið:

- Rétt spenna er nauðsynleg fyrir fallega og sterka sauma.
- Það er ekki til nein ein rétt stilling sem hentar fyrir alla sauma, efni, tvinna, nálar o.s.frv.
- Rétt sporstilling þar sem tvinnarnir mætast á milli efna eða í miðju efni.
- 90% af öllum saumum er með spennu á milli "3" og "5"
- Zik Zak saumar og skrautsaumar eru yfirleitt saumaðir með lægri yfirtvinnaspennu en er notuð fyrir beint spor, og þá kemur yfirtvinninn aðeins niður á rönguna.



□ Hvernig á að velja mynsturssauma



Myndirnar hér á síðunni sýna þá sauma sem hægt er að velja í þessari vél.

Saumar í efri röðinni eru sýndir á mynsturvalskífunni með gráum lit. Til að velja mynstrin sem eru gefin til kynna með gráa litnum, snúið þið valskífunni (e). Notið stillinn fyrir sporlengdina (d) til að stilla sporlengdina eins og þið viljið hafa hana í hvert sinn. Notið stillinn fyrir sporbreiddina (c) til að stilla breiddina eins og þið viljið hafa hana.

Saumarnir í neðri röðinni eru sýndir í bláum lit á valskífunni. Blái liturinn gefur til kynna að þessir saumar séu teygjanlegir saumar og frekari upplýsingar um þá eru á bls.18.

Hægt er að snúa valskífunni í báðar áttir.


- a. Afturábak stillir
- b. Sporlegu stillir
- c. Sporbreiddar stillir
- d. Sporlengdar stillir
- e. Mynsturvalskífa



□ Sporlegustillir

Hægt er að breyta nálarstöðunni í saumfætinum á þrjá vegu. Fyrir alla venjulega sauma er nálarstaðan höfð í miðjunni. Fyrir jaðarsauma og kantstungur getið þið hins vegar valið um að nota vinstri eða hægri nálarstöðu. Skrautsauma er einnig hægt að sauma annað hvort út frá miðju, eða frá vinstri eða hægri hlið.

Saumar með tvíburanál eru alltaf saumaðir í mið stöðunni.



a. Beint spor

b. Zik zak

L. Vinstri nálarstaða

M. Mið nálarstaða

R. Hægri nálarstaða

□ Sporbreiddar og sporengdar stillar

Sporbreiddarstillir

Hámarks breidd á zik zak spori er 6mm; en hinsvegar er hægt að minnka breiddina á öllum saumum með því að færa stillinn á milli "0" - "6". (1)

Sporbreiddarstillirinn er einnig notaður til að staðsetja nálarstöðuna í saumfætinum þegar þið saumið beint spor. "0" er fyrir stöðuna lengst til vinstri, "6" er fyrir stöðuna lengst til hægri og stilling á milli "2" og "3" er fyrir miðjuna.

Sporlengdarstillir þegar saumað er zik zak

Stillið valskífuna á zik zak spor.



Þéttleikinn á zik zak sporunum verður meiri eftir því sem þið nálgist "0".

Venjulegt zik zak er yfirleitt saumað á "3" eða neðar.

Þétt zik zak spor eru kölluð flatsaumur (2).

Notkun á sporengdarstilli þegar saumað er beint spor

Fyrir beina sauma stillið þið mynsturvalskífuna á beint spor. Snúið sporengdarstillinum til að velja sporengdina, og hún verður lengri eftir því sem þið nálgist "4". Almennt sagt notið þið lengra spor á þykkari efni, með grófari tvinna og grófari




☐ Beint spor


Til að byrja að sauma, stillið þið vélina á beint spor. (1)

Setjið efnið undir saumfótinn þannig að það renni meðfram ákveðinni línu á stingplötunni (2).


Lækkið saumfótinn og stígið síðan á fótmoststöðuna til að byrja að sauma. (3)



1



2



3

☐ Afturábak saumur



Til að tryggja að saumurinn rakni ekki ýtið þið á afturábak stillinn (A) og saumið nokkur afturábak spor. Sleppið stillinum eftir nokkur spor og vélin saumar þá áfram. (1)

☐ Efnið fjarlæggt

Snúið handhjólinu fram á við (rangsælis) til að setja þræðgjafann í efstu stöðu, lyftið saumfætinum og fjarlægið efnið undan saumfætinum. (2)

☐ Tvinninn klipptur

Togið efnið undan saumfætinum. Leggið tvinnana í raufina á loki vélarinnar og í tvinnahnífinn (B). Togið tvinnana niður á við til að klippa þá. (3)



□ Velja teygjanlega sauma

Teygjanlegu saumarnir eru sýndir með bláum lit á valskífunni Snúið valskífunni á þann saum sem þið ætlið að nota. Síðan snúið þið sporlengdarstillinum á merkið "S1". Þar er um nokkra sauma að ræða en hér eru tvö sýnishorn.

Beint teygjanlegt spor (1)

Stillið mynsturvalskífuna á "1".

Notið þetta þrefalda beina spor á sauma sem mikið reynir á.


Vélin saumar tvö spor áfram og eitt afturábak

Ric Rac (2)


Stillið mynsturvalskífuna á "3".

Stillið sporlengdina á milli "3" og "6".

Ric Rac spor hentar fyrir þétt efni eins og gallabuxnaefni, corduroy, poplín o.fl.



1



2

□ Blindfaldur

Fyrir falda á gardínur, buxur, pils o.fl.

..... Blindfaldur á teygjanleg efni.

..... Blindfaldur á föst ofin efni.

Stillið sporlengdina innan þess svæðis sem sýnt er á teikn ingunni hér til hliðar. Blindfaldar eru yfirleitt saumaðir með langri sporlengd. Stillið sporbreidd eftir grófleika efnisins sem á að falda, og innan þess svæðis sem sýnt er hér til hliðar. Mjórri spor er yfirleitt notað á þynnra efni og breiðara spor á grófari efni. Saumið ávallt prufusaum á afgangsefni fyrst til að ganga úr skugga um að stillingarnar séu réttar.

Blindfaldur


Brjótið faldinn í hentuga breidd og strauðið hann. Brjótið hann eins og sýnt er á mynd 1 hér til hliðar og þar er rangan sem snýr að ykkur á myndinni. Látið brúnina standa ca. 7 mm út frá brotnu brúninni á efninu.

Byrjið að sauma hægt og þá á nálin rétt að stinga í þræðina á brotbrúninni þegar hún stingur niður til vinstri. (2)

Stillið breiddina þannig að nálin fari ekki í gegn um brúnina.

Ath:

Til að auðvelda blindföldun er best að nota blindföldunar-fót sem fæst hjá Singer umboðinu (sjá númer á fætinum á bls. 6)



□ Hnappagöt

Það er ekki erfitt að sauma hnappagöt og ná góðum árangri með þann saumaskap. Hinsvegar ráðleggjum við ykkur alltaf að sauma prufuhnappagat á afgangsefni áður en þið saumið þau á flikina sjálfa.


Hnappagat

1. Notið klæðskerakrít og merkið fyrir hnappagötunum á efnið.
2. Setjið hnappagatafóttinn á vélina og stillið valskífuna á "6". Stillið lengdarstillinn á "0" og sporbreiddina á "6". Þið gætuð þó þurft að stilla sporbreiddina í samræmi við efnið sem verið er að sauma á. Saumið prufuhnappagat fyrst.
3. Lækkið hnappagatafóttinn og látið merkið á fætinum vera á móts við merkið á efni (A). (Fremri heftingin verður saumuð fyrst.) (Látið merkið á efni (a) standast á við merkið á fætinum (b)).
4. Opnið töluhölduna og setjið töluna í hana. (B).
5. Lækkið arminn fyrir hnappagötin og ýtið á hann frá ykkur (C).
6. Um leið og þið haldið aðeins í yfirtvinnann byrjið þið að sauma.
7. Hnappagötin eru saumuð í þessari röð (D).
8. Stöðvið vélina þegar hnappagatið er fullsaumað.

Hnappagat á teygjanleg efni (E)

Þegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg efni, krækið þið grófu garni eða snúru á hakið aftan á fætinum - leggið það undir fóttinn og hnýtið saman að framan.

1. Merkið fyrir staðsetningu hnappagatsins á efnið með klæðskerakrít, setjið hnappagatafóttinn á vélina og stillið mynsturvalskífuna á gat "0" og lengdarstillinn á "6".
2. Krækið snúrunni á hakið aftan á fætinum - togið þræðina fram á við og hnýtið þá saman í raufinni framan á fætinum
3. Lækkið saumfóttinn og byrjið að sauma. Stillið sporbreiddina í samræmi við sverleika snúrunnar.
4. Þegar saum er lokið losið þið undirleggsþráðinn varlega af fætinum, togið í hann til að taka af honum slakann og klippið.



□ Hægri og vinstri jöfnun á hnappagateggjum

Hægt er að stilla sporþéttleikann á vinstri og hægri leggnum þannig að þeir líti báðir eins út.


Þessi stillir á venjulega að vera stilltur á hlutlausu svæði mitt á milli "+" og "-" merkjanna.

Ef sporin í vinstri leggnum eru of þétt saman, þá snúið þið stillinum til vinstri (+).

* Með því að snúa stillinum til vinstri gisnar vinstri hliðin.

Ef sporin í vinstri leggnum eru of gisin, þá snúið þið stillinum til hægri (--).

* Með því að snúa stillinum til hægri þéttist vinstri hliðin..



□ Töluáfesting

Færið stillinn til að taka flytjarann úr sambandi til hægri (1)

Setjið töluáfestifótinn (2) á vélina og stillið sporlengdina á "0".


Setjið töluna og efnið undir töluáfestifótinn eins og sýnt er á myndinni (3).

Saumið nokkur bein spor til að festa tvinnnaendana.

Lyftið nálinni upp úr efninu og stillið vélina á zik zak og breiddina á "3" til "6". Snúið handhjólinu með hendinni og athugið hvort nálin stingi ekki örugglega ofan í bæði götin á tölunni. Stillið breiddina eftir því sem með þarf í samræmi við fjarlægðina á milli gatanna á tölunni. Festið tölunni síðan með ca. 10 sporum. Stillið vélina aftur á beint spor og saumið nokkur heftispor í lokin.

Ef þið viljið hafa fót undir tölunni leggið þið nál eða eldspýtu ofan á töluna þannig að vélin saumi yfir hana.

Fyrir fjögurra gata tölur saumið þið fyrst í fremri götin og síðan í þau aftari.





□ Aukaborðið sett á og fjarlæggt

Ýtið aukaborðinu lárétt að vélinni eins og örin sýnir (1)

Til að taka það af vélinni togið þið það til vinstri.

Hólfið í aukaborðinu er hægt að nota sem geymslu fyrir fylgihlutina.

Opnið hólfið eins og sýnt er á myndinni. (2)



□ Fóthaldan sett á fótstöngina

Lyftið fótstönginni (a) með fótlyftinum. Festið fóthöldunni (b) eins og myndin sýnir. (1)

Saumfóturinn settur á

Lækkið fóthölduna (b) með fótlyftinum, þar til raufin (c) er beint fyrir ofan pinnann (d). (2) Saumfóturinn (f) smellur sjálfkrafa í fóthölduna.

Saumfóturinn tekinn af





Lyftið saumfætinum með fótlyftinum. (3) Lyftið arminum (e) og fóturinn dettur af.

Jaðarstýringin

Rennið jaðarstýringunni (g) í gatið á fóthöldunni. Stillið hana eftir þörfum fyrir falda, fellingar, bútasaum o.fl. (4)

Athugið:

Slökkvið á aðalrofanum ("O") þegar þið framkvæmið eitthvað af ofangreindu.



☐ NÁLAR / Efni / Tvinni

LEIÐBEININGAR UM NÁLAR, EFNI OG TVINNAVAL

NÁL NÚMER	EFNI	TVINNI
70-80	Þunn baðmullarefni, silki, mússulín, interlock þrjón, þrjónuð baðmull, tricot, jersey, krep, ofin gerfiefni, skyrtu og blússuefni.	Finni gerð af baðmullartvinna, nylon, gerfi-tvinni eða baðmullarvafinn polyester
80-90	Meðalþunn baðmullarefni, satín, þunnur segldúkur, tvöfalt þrjón, þunnt þrjón..	Flestar gerðir af tvinna sem er í sölu hentar vel fyrir þessi efni og nálar.
90	Meðalþunnur baðmullar segldúkur, ullarefni, gróft þrjón, frotté efni, gallabuxnaefni.	Notið polyester tvinna á gerfiefni og baðmullar-tvinna á náttúruleg efni.
100	Grófur segldúkur, gróf ullarefni, tjalddúkur, vattstungin efni, denim, bólsturefni (þunn til meðalþykk)	Notið ávallt sama tvinna sem yfirtvinna og undirtvinna.
110	Gróf og þykk ullarefni, frakka og kápuefni, bólsturefni sumt leður og leðurlíki.	Grófur tvinni - jafnvel teppatvinni.

ÁRÍÐANDI: **er að** jafnvægi sé á milli efnis, tvinna og nálargrófleika.

NÁLAR OG VAL Á EFNUM

NÁLAR	LÝSING	TEGUND AF EFNI
SINGER® 2020	Venjulegar oddhvassar nálar. Fáanlegar í grófleikum 70 - 110.	Nátúruleg ofin ullarefni, baðmull, silki o.s.frv. Henta ekki á þrjón eða jersey.
SINGER® 2045	Nálar með afrunnuðum oddi. Fáanlegar í grófleikum 70 - 110.	Náttúruleg og gerfi - ofin efni, polyester blönduð efni. Þrjónuð polyester, interlock, tricot, einfalt og tvöfalt þrjón. Einnig Lycra, sundfatnaðir og önnur teygjanleg efni.
SINGER® 2032	Leðurnálar í grófleikum 80 - 110 .	Leður, vinyl, bólsturáklæði (skilur eftir minni göt en venjuleg gróf nál skilur eftir).



ATH :

- Notið ávallt gæðanálar til að ná sem bestum árangri t.d. SINGER nálar.
- Skiptið oft um nálar (t.d. við aðra hverja flík) og/eða við fyrsta tvinnaslit og þegar vélin hleypur yfir spor.

☐ Flytjarinn tekinn úr sambandi

Flytjarinn er alltaf hafður í sambandi fyrir venjulega sauma, en fyrir fríhendis útsaum, töluáfestingu og ístopp verður að taka hann úr sambandi

Flytjarinn í sambandi (a) og úr sambandi (b). (2)



□ Nálin sett í og skipt um nálar

Skiptið reglulega um nálar, sérstaklega ef þið takið eftir að þær séu slitnar og valda vandamálum. Notið eingöngu gæðanálar sem þið fáið hjá SINGER umboðinu.

Setjið nálin í eins og myndin sýnir.

A. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni og herðið aftur eftir að ný nál hefur verið sett í hölduna. (1)

B. Flati kanturinn á nálinni á að snúa frá ykkur. Setjið nálin eins hátt og hún kemst. (C/D).



Athugið:

Slökkvið á aðalrofanum - setjið hann á ("O") þegar þið eruð að skipta um nálar.

Nálarnar verða að vera í góðu lagi. (2)

Vandamál geta komið fram ef:

- A. Nálar eru bognar
- B. Oddurinn er skemmdur
- C. Nálin er oddlaus





□ Skipt um peru

Takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Setjið sömu gerð af peru og var í vélinni, 15 watta, 220-240 V.

- Losið um skráfu (A) eins og sýnt er. (1)
- Fjarlægið lokið (B).
- Skrúfið peruna úr vélinni og setjið nýja peru í vélina (C). (2)
- Setjið lokið á vélina og festið það með skúfunni.

©



□ Gangtruflanir og ráð við þeim

Vandamál	Orsök	Lausn
Efri tvinninn slitnar	1. Vélín er ekki rétt þædd. 2. Tvinnaspennan er of stíf. 3. Tvinninn er of grófur fyrir þessa nál. 4. Nálin er ekki rétt sett í vélina. 5. Tvinninn er vafinn í kring um keflispinnann. 6. Nálin er skemmd.	1. Þræðið vélina á ný. 2. Lækkið tvinnaspennuna (á lægra númer) 3. Veljið grófari nál. 4. Takið hana úr og setjið rétt í hölduna (flati kanturinn aftur) 5. Fjarlægið tvinnakeflið og vindið tvinnann á það. 6. Skiptið um nál.
Neðri tvinninn slitnar	1. Spólan er ekki rétt sett í vélina.	1. Fjarlægið spóluna og setjið hana aftur í spóluhúsið. Togið varlega í tvinnann - hann ætti að renna auðveldlega. 2. Yfirfarið þræðinguna.
Hleypur yfir spor	2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt.	1. Fjarlægið og setjið nálina aftur í vélina. (flati kanturinn aftur) 2. Setjið nýja nál í vélina. 3. Veljið nál sem hentar efninu og tvinnanum. 4. Athugið og lagfærið.
Nálin brotnar	1. Nálin er ekki rétt sett í vélina. 2. Nálin er skemmd. 3. Ekki réttur nálargrófleiði í notkun. 4. Saumfóturinn er ekki réttur á vélinni.	1. Setjið nýja nál í vélina. 2. Setjið nýja nál í vélina (flati kanturinn á að snúa frá ykkur) 3. Veljið nál sem hentar tvinnanum og efninu. 4. Veljið réttan saumfót.
Laus spor	1. Nálin er skemmd. 2. Nálin er ekki rétt sett í vélina. 3. Rangur nálargrófleiði fyrir efnið. 4. Rangur saumfótur fyrir sauminn.	1. Yfirfarið þræðinguna. 2. Þræðið spóluhúsið eins og sýnt er í leiðarvísunum. 3. Nálargrófleiðinn verður að henta efninu og tvinnanum. 4. Leiðréttið tvinnaspennuna.
Saumurinn rykkist	1. Vélín er ekki rétt þrædd. 2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt. 3. Sambland nálar/tvinna/efnis er ekki rétt. 4. Tvinnaspennan er röng.	1. Veljið finni nál. 2. Stillið sporlengdina. 3. Losið um tvinnaspennuna.
Ójöfn spor ójafn flutningur	1. Nálin er of gróf fyrir þetta efni. 2. Sporlengdin er ekki rétt. 3. Tvinnaspennan er of stíf.	1. Veljið betri gæði af tvinna. 2. Yfirfarið þræðinguna. 3. Togið aldrei í efnið - látið vélina um að flytja það.
Vélín hávær	1. Lélegur tvinni. 2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt. 3. Þið togið í efnið.	1. Hreinsið gríparann og flytjarann. 2. Skiptið um nál.
Vélín er föst	1. Ló eða olía hafa safnast á grípara og nálstöng.	Fjarlægið spóluna - snúið síðan handhjólina fram og til baka til að losa um tvinnann.



Þegar þessu tæki verður fargað verður að gera það í samræmi við förgunarreglugerðir á rafmagns-tækjum viðkomandi lands.



PFAFF hf
Grensásvegi 13
108 Reykjavík
s: 414-0452
www.pfaff.is